

Þeir eru skyldir til að sætta sig við þær breytingar, sem gjörðar kunna að verða á erindisbréfi þessu. 103
20. júlí

Í stjórnarráði Íslands, 20. júlí 1911.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Samþykkt

104
29. ág.

um silungsveiði í Þingvallavatni.

Sýslunefndin í Árnessýslu hefir, samkvæmt lögum 30. júlí 1909 um samþykktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum, gert eftirfarandi samþykkt um silungsveiði í Þingvallavatni.

1. gr.

Hver jörð, sem land á að Þingvallavatni, á veiðirétt í því fyrir sínu landi út í mitt vatnið til móts við ábúandann gagnvart sér. Verði ágreiningur milli veiðieigenda um mörkin í vatninu, geta þeir snúið sér til veiðinefndarinnar og látið hana skera úr ágreiningnum.

2. gr.

Ekki má hafa meiri net í vatninu í einu fyrir landi hverrar jarðar en 200 faðma af murtunetum og 125 faðma af stórsilungsnetum, og af lóð 200 öngla. Írekstrarveiði má stunda frá því ís fer af vatninu á vorin til 20. júní.

Nú eiga tveir eða fleiri veiðirétt sömu jarðar, og skiftist þá netalengd og lóð hlutfallslega milli þeirra. En þó skal ábúendunum á Heiðarbæ (sem eru tveir) leyft að hafa þar netautveg sem fyrir landi tveggja jarða.

104

29. ág.

3. gr.
Murtunet skulu ekki vera smáriðnari en að möskvinn sé $\frac{7}{8}$ þuml. á hvern veg, og stórsilungsnet ekki smáriðnari en að möskvinn sé $1\frac{1}{2}$ þuml. á hvern veg. Dýpt á murtunetum má ekki vera yfir 25 möskva, og á stórsilungsnetum ekki yfir 30.

4. gr.

Stangaveiði er bönnuð nema af báti úti á vatninu og ekki á minna dýpi en 5 föðmum. Svo er og allur annar veiðiútbúnaður bannaður en sá, er ræðir um í 2. gr. Þó má veiðinefnd leyfa mönnum að gera tilraunir með önnur veiðarfæri, ef líklegt þykir, að þau séu hagkvæm, en þó ekki hættuleg fyrir framtíð veiðinnar.

5. gr.

Öll örriðaveiði er bönnuð í ám, sem renna í Þingvallavatn, frá 1. til 30. september að báðum þessum dögum meðtöldum ár hvert.

6. gr.

Þrjá menn skal kjósa í veiðinefnd, og er hver, sem á veiðirétt í vatninu, skyldur að taka við kosningu. Kosningin gildir til þriggja ára í senn, og geta þeir, sem hafa setið í veiðinefnd 3 ár, skorast undan kosningu jafnlangan tíma.

Veiðinefndin hefir á hendi að sjá um, að samþykkt þessari sé hlýtt, boðar til funda o. s. frv. Hún skal halda bók til að rita í fundargerðir og skýrslur um veiðina. Þóknun fyrir ritföng og annan nauðsynlegan kostnað fær veiðinefndin borgaðan eftir reikningi úr sveitarsjóðum Þingvalla- og Grafningshreppa hlutfallslega eftir tölu jarða, sem veiði eiga í vatninu.

Hver sem veiðir í vatninu, er skyldur að láta veiðinefndinni í té skýrslur þær, sem hún álitur gagnlegar eða fróðlegar viðvikjandi veiðinni.

7. gr.

Einn aðalfund skal veiðinefndin halda árlega með þeim, sem veiði eiga í vatninu. Á fundi þeim skal kosið í veiðinefnd, birtar veiðiskýrslur o. s. frv.

8. gr.

Brot mót samþykkt þessari varða sektum alt að 100 kr., sem renna í hlutadeigandi sveitarsjóði eftir sama hlutfalli, sem þóknun til veiðinefndar er greidd.

Samþykkt þessi er hérmeð staðfest til að öðlast gildi 15. september 1911 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 29. ágúst 1911.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.